

**BRUNAVARNIR**

Þessi brunavarnarlýsing fyrir Reykjavíkurveg 74 er unnin af Lotu í janúar 2022. Húsið er 3 hæðir auk kjallara en breytingar 2021 ná til fyrstu hæðar þar sem nú verða skrifstofur og til kjallara þar sem nú verður fundarherbergi og baðaðstaða. Breytingar sem hafa orðið á texta um brunavarnir frá síðustu sambýkkt eru skálettraðar.

**Flokkun og notkun byggingar**

Byggingin er öll í notkunarflokki 1, en á öllum hæðum verður skrifstofustarfssemi, en auk þess er fundaraðstaða og baðaðstaða starfsfólks í kjallara.

**Brunahólfun**

**Meginbrunahólf:**

Hér er um eldri byggingu að ræða og gert er ráð fyrir að skil meginbrunahólfa séu REI90. Kjallari er sér meginbrunahólf. Fyrsta, önnur og þriðja hæð eru saman í meginbrunahólfi, u.þ.b. 1500 m<sup>2</sup>, en fyrsta hæð og stíghúsið eru varin með sjálfvirkri vatnsúðakerfi.

**Brunahólf:**

Brunahólf skulu almennt vera a.m.k. EI60 veggir með EI 30-CS/E 30-CS hurðum. Gler í brunahólfandi veggjum er almennt a.m.k. E30.

Geymsla í kjallara er sér brunahólf ásamt baðaðstöðu.

Tæknirými í kjallara (stjórnirými vatnsúðakerfis) er sér brunahólf.

Loftræsikerfi í kjallara er sér brunahólf.

Fyrsta hæð (skrifstofur) er sér brunahólf, u.þ.b. 520 m<sup>2</sup> en um 50 m<sup>2</sup> geymsla.

Önnur hæð (skrifstofur) er sér brunahólf, u.þ.b. 430 m<sup>2</sup>.

Þriðja hæð (skrifstofur) er sér brunahólf, u.þ.b. 430 m<sup>2</sup>.

Lóðréttir lagnastokkar mynda sér brunahólf.

Tæknirými á 3. hæð verður sér brunahólf.

Gler í útvegg við hringstíga á öllum hæðum verður a.m.k. E30 og hurð a.m.k. E-CS30.

**Burðarvirki**

Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R90.

Brunamótstaða burðarvirkis þaks verður a.m.k. R60.

Brunamótstaða burðarvirkis stíga er a.m.k. A-R30.

Hæðaskil eru a.m.k. REI90.

Þak á anddyrisbyggingu verður a.m.k. REI60.

**Klæðningar**

Allar klæðningar (utan- og innhúss) verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.

Upphengd loft verða úr A-efnum.

**Flóttaleiðir**

Hvergi er lengra en 25 m í útgang eða annað brunahólf.

Frá skrifstofum á 1. hæð eru þrjár flóttaleiðir, ein um framanddyri um sjálfvirka rennihurð, önnur um dyr að stíga og út, og sú þriðja í norðurenda framhjá hringstíga.

Frá skrifstofuhæðum á 2. og 3. hæð eru flóttaleiðir inn í stíghúsi annars vegar og hins vegar út í utanliggjandi hringstíga með palli á hverri hæð. Hringstígi verður með þvermál a.m.k. 2,2 metrar sem afkastar u.þ.b. 50 manns skv. NFPA 101. Sjálfvirkar rennihurðir í anddyri á fyrstu hæð skulu vera með vararathöðu. Hurðir skulu tengdar við brunaviðvörðunarkerfi þannig að þær opnast við brunaboð.

**Brunaviðvörðunarkerfi**

Viðurkennt númerað brunaviðvörðunarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum MVS. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd er í bakanddyri hússins.

**Vatnsúðakerfi**

Sjálfvirk vatnsúðakerfi er á fyrstu hæð, að hluta í kjallara og í stíghúsi. Þetta kom til vegna tækniskipta þar sem fyrsta hæð og stíghúsið voru í sama brunahólfi en eru nú aðskilin. Ekki er gerð breyting á kerfinu. Klefi með stjórmbúnaði fyrir vatnsúðakerfi verður í sér brunahólfi í kjallara og aðgengilegur utan frá.

**Loftræsikerfi**

Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.

Bruna- og reyklokur (a.m.k. EI 60-S/E 60-S) verða í brunasamstæðuskilum þar sem stokkar ganga inn á hæðir.

Loftræsikerfi skal slökkva á sér við boð frá brunaviðvörðunarkerfi.

Við brunaboð skulu bruna- og/edá reyklokur lokast.

**Reyklosun**

Reyklosun verður almennt um glugga og hurðir.

Reyklosun stíghúss verður opnanlega glugga á hverri hæð.

**Slöngukefli og slökkvitæki**

Slöngukefli verða sett upp í öllu húsinu þannig að brunaslöngur nái út í öll horn.

Slökkvitæki skulu staðsett við brunaslöngur en auk þess vera í eldhúsum, tæknirýmum og öðrum brunahólfum þar sem aukin hættu er á eldi.

**Út- og neyðarlýsing**




Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð.

Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum svo sem stíghúsi og anddyri en 0,5 lux á opnum svæðum svo sem í skrifstofurýmum.

Lýsing þarf að vera utanhúss við neyðarstíga og útdyri flóttaleiða.

**Eftirlit og viðhald brunavarnarkerfa**

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnarkerfum hússins (vatnsúðakerfi, brunaviðvörðunarkerfi, vararafmagni rennihurða, handvirkur slökkvitæki, út- og neyðarlýsing).



**Afstöðumynd**

1 : 500

**Byggingalýsing - breyting innra fyrirkomulagi 1. hæðar og kjallara**

Reykjavíkurvegur 74, stgr. 1400-1-70100740.

Byggingin við Reykjavíkurveg 74 var endurbýggð á árunum 2004-2007 og tekin í notkun í lok árs 2007. Frá upphafi hefur hún hýst ýmiss konar skrifstofur á efrri hæðum og veitingasölu eða aðra atvinnustarfssemi á jarðhæð.

Breyting sem hér er sótt um varðar breytingar á innra fyrirkomulagi 1. hæðar og hluta kjallarahæðar. Í stað veitingareksturs verður almenn skrifstofustarfssemi á 1. hæð með fundaraðstöðu í kjallara. Engar breytingar eru gerðar á votkjörnum eða burðarvirkjum hæðanna. Gera má ráð fyrir allt að 40 starfsmönnum á hæðinni.

Breytingar á 1. hæð:  
Rými sem áður var veitingasalur er breytt í opið skrifstofurými. Innan þess er eitt fundarherbergi aflokað með glerveggjum. Rými sem áður var eldhúsi veitingastaðar er breytt í kaffistofu/fundarherbergi. Í tengslum við það er lítil snyrting og ræsting (eins og áður). Móttaka fyrir hæðina er staðsett inn á anddyri vestanmegin í húsinu. Á móttökusvæðinu eru tvö læranleg fundarherbergi.

Breytingar í kjallara:  
Rými við norðurgalli í kjallara verður nýtt sem fundarherbergi. Það tengist skrifstofurýmum á 1. hæð með hringstíga við norðurgallinn. Rými við suðurgall, tengt stíghúsi, verður breytt í baðaðstöðu fyrir starfsfólk.

Á báðum hæðum er komið fyrir fáeinum nýjum gipsveggjum. Veggirnir eru uppbyggðir á blökkgrind, einangraðir og með tvöföldu krossviðar/gipslagi beggja vegna. Nýjrir glerveggir eru allir gerðir úr öryggisgleri. Kerfisloft eru í flestum rýmum, ýmist eldri loft eða ný. Gólf í skrifstofurýmum eru teppalögð. Gólf í eldhúsi og á votrymum eru ýmist flísa- eða dúklegg.

Engar breytingar verða á stærðum og þ.a.l. engar breytingar á skráningartöflu.

S/H  
27.01.2022

HEILBRIGDISEFTIR  
HAFNARFJARÐAR  
OG KÓPAVOGSSVÆI  
Garðatorgi 5 - 210 Garðabær  
10/22 Hilmar Hjartmann

Útg.	Dags.	Skýring	Br.af.
------	-------	---------	--------

**Gríma arkitektar**

Laugavegi 178 - 105 Reykjavík  
S: 511-6777 / 897-3760  
www.grimaark.is

Undirskrift hönnuðar *Sigríður Ólafsdóttir*

Aðalhönnuður: Sigríður Ólafsdóttir arkitekt FAI - M. 071070-5069  
netfang: sigga@grimaark.is

Verkheiti:  
**Reykjavíkurvegur 74**

Sveitarfélag:  
**Hafnarfjörður**

Landnúmer: 122162 Staðgreinir: 1400-1-70100740

**aðaluppdráttur**

**Afstöðumynd**

Hannað af: SÓ	Matshluti: 01
Teiknað af: DKK	Mælikvarði: 1 : 500
Yfirfarið af: SÓ	Dagsetning: 17.12.2021

2021-06-08 A\_1\_Y\_02

Verknúmer	Teikningarúmer	Bls.	Útgáf
HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÓLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKT			a